



Stjórnarfundur SKÍ

Fundargerð nr. 1633

Mánudagur 8. nóvember 2021 / kl. 20.30 / Rafrænn fundur

- Efni fundarins:** Fyrsti stjórnarfundur Skíðasambands Íslands (SKÍ) 2021 – 2023.
Fundarstjóri: Jón Viðar Þorvaldsson (framkvæmdastjóri).
Fundarritari: Hugrún Elvarsdóttir (ritari).
Pátttakendur: Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Gísli Reynisson gjaldkeri, Hugrún Elvarsdóttir ritari, Jón Egill Sveinsson varaformaður, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinanevndar og Einar Ólafsson formaður skíðagöngunefndar.
- Fjarverandi:** Friðbjörn Benediktsson, formaður snjóbrettanefndar.

Fundur settur kl. 20.34

Fundardagskrá:

1. Kynning á starfi stjórna og nefnda fyrir nýtt stjórnarfólk.
2. Ákveða hlutverk meðstjórnenda (varaformaður, ritari og gjaldkeri).
3. Skipa þarf tvo nefndarmenn í fagnefndir með kjörnum formanni (alpagreina-, skíðagöngu- og snjóbrettanefnd).
4. Skipa formenn tveggja fastanefnda (aganefnd og laga- og útbreiðslunefnd).

Fundargerð

1. Kynning á starfi stjórna og nefnda fyrir nýtt stjórnarfólk.

- a. Jón Viðar fer yfir:
 - i. Starf stjórnar og nefnda, hvenær stjórnarfundir eru, hlutverk skrifstofu, hvað stórar ákvarðanir þarf að taka á tímabilinu; t.a.m. gerð og framkvæmd bæði fjárhags- og starfsáætlunar, hlutverk fagnefnda, skipulag fyrir veturinn, mótamál, og jafnvægi milli nefnda.

- ii. Jón Viðar Þorvaldsson tekur fram að framkvæmdastjóri SKÍ situr alla stjórnarfundum og afreksstjóri þegar afreksmál eru á dagskrá hjá stjórn SKÍ eða fagnefndum.

2. Ákveða hlutverk meðstjórnenda (varaformaður, ritari og gjaldkeri).

- a. Bjarni Th. leggur til að stjórnarmeðlimir gefi kost á sér í það stjórnarhlutverk sem þau hafa áhuga á og svo er kosið um það.
 - i. Gísli Reynisson gefur kost á sér í gjaldkera.
 - Samþykkt samhljóða.
 - ii. Hugrún gefur kost á sér í ritara.
 - Samþykkt samhljóða.
 - iii. Jón Egill Sveinsson gefur kost á sér til varaformanns.
 - Samþykkt samhljóða.

3. Skipa þarf tvo nefndarmenn í fagnefndir með kjörnum formanni (alpagreina-, skíðagöngu- og snjóbrettanefnd).

- a. Bjarni Th. leggur til að formenn fagnefnda tilnefni í nefndirnar til samþykktar fyrir stjórn.
 - i. Samþykkt samhljóða.
- b. Jón Viðar tilkynnir stjórn að Friðbjörn Benediktsson, formaður snjóbrettanefndar er ekki búinn að velja með sér nefndarmenn en það verður lagt til samþykktar á næsta stjórnarfundum.
- c. Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar leggur til samþykktar að Rúnar Gunnarsson og Elsa Guðrún Jónsdóttir verði áfram í skíðagöngunefnd.
 - i. Samþykkt samhljóða.
- d. Sigurður Nikulásason, formaður alpagreinaneftndar leggur til samþykktar að Erla Ásgeirsdóttir og Kristinn Magnússon verði í alpagreinaneftnd.
 - i. Samþykkt samhljóða.

4. Skipa formenn tveggja fastanefnda (aganefnd og laga- og útbreiðslunefnd).

- a. Jón Viðar fer yfir:
 - i. Formenn þessara nefnda eru tilnefndir samkvæmt lögum SKÍ.
 - ii. Sá sem er tilnefndur til formanns aganefndar er Elvar Örn Unnsteinsson.
 - Samþykkt samhljóða.

- iii. Sá sem er tilnefndur til formanns laga- og útbreiðslunefndar er Elvar Jónsson.
- Samþykkt samhljóða.
- iv. Jón Viðar leggur til að þessar nefndir verði virkjaðar betur, þá sérstaklega þegar kemur að samningagerð við landsliðsmenn, gerð siðareglna, koma með tillögur að breytingum á lögum, viðbættum o.fl. sérstaklega í tengslum við nýlegar breytingar á lögum FIS.

Önnur mál

- Gísli Reynisson leggur til að fundargerðir SKÍ verði gerðar opinberar á vef skíðasambandsins.
 - Samþykkt samhljóða.
- Einar Ólafsson vill vekja athygli á hugmyndinni um styrktarsjóð SKÍ sem myndi vaxa frá ári til árs og væri áhugavert að setja á laggirnar. Einar vill halda þessari umræðu á lofti og leggur til að stjórnin taki þessa umræðu upp aftur við tækifæri.
 - Samþykkt samhljóða.
- Jón Viðar segir að kjósa þurfi íþróttafólk ársins fyrir 15. september og skila þurfi inn tilnefningum til ÍSÍ fyrir þann tíma, einn kk og ein kvk valin.
- Jón Viðar fer yfir fyrirkomulag FIS ásamt yfirliti yfir haust- og vorfundi FIS sem sambandið hefur verið að sækja.
- Jón Viðar fer yfir handbók SKÍ og sendir stjórn hana til yfirlestrar.
 - Vinnureglur, siðareglur starfsmanna, skrifstofustjórn, hvernig stjórn SKÍ skal starfa, hvernig ákvarðanir eru teknar, verkferlar útskýrðir, gerð starfs- og fjárhagsáætlana, hlutverk ritara, gjaldkera o.fl.
- Sigurður Nikulásson kemur inn á mikilvægi fræðslu og kennslu fyrir skíðapjálfa á Íslandi.
- Jón Egill Sveinsson tekur til máls í lok fundar og lýsir yfir ánægju sinni með að hæfileikastarfið sé að koma Austur.

Næsti fundur

- Ákveðið var að hittast á ný þann 9. desember, fimmtudag.

Fundi slitið kl. 21.44.

Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð.